

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Auður Ýr Sigurðardóttir
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Anna von Heynitz
Páll Ingvarsson
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Þórunn Harðardóttir
Súsanna Friðriksdóttir
Sólrún Sigurðardóttir
Andrea Bramer

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Bianca Tighe
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Kjartan Guðnason
Gunnar Hrafnsson
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Sigríður Hjördís Indriðadóttir
Ragnheiður Eir Magnúsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Kristín Þóra Pétursdóttir

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Þórður Tryggvason

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Halldór Bjarki Arnarson
Þorkell Jónsson
Jón Hákon Richter

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Ólafur Elliði Halldórsson

Básúnur

Valgeir Geirsson
Steinn Völundur Halldórsson
Hans Orri Straumland

Túba

Þórunn Salome Brynjólfssdóttir

Pákur

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir

Semball

Halldór Bjarki Arnarson

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 26. mars 2017

kl. 17:00



Einleikari á trompet: David Coleman

Stjórnandi: Oliver Kentish

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða í samvinnu við Söngsveitina Fílharmoníu sunnudaginn 14. maí 2017 í Langholtskirkju. Flutt verður Guðbrandsmessa eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og Kórfantasía Beethovens. Einleikari á píanó verður Gerrit Schuil. Stjórnendur verða Magnús Ragnarsson og Oliver Kentish.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.

Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2017.



Aðgangseyrir er kr. 2000,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Johannes Brahms: Tragische Ouvertüre


Georg Philipp Telemann: Konsert í D-dúr fyrir trompet, strengi og fylgirödd
Adagio
Allegro
Grave
Allegro

- HLÉ -

Oliver Kentish: Night Music fyrir trompet og strengjasveit (frumflutningur)

Edvard Grieg: Peer Gynt svíta nr. 1
Morgenstimmung
Åses Tod
Anitras Tanz
Tanz in der Halle des Bergkönigs

Flytjendur og verk:



Johannes Brahms (1833-1897) hóf tónlistarferil sinn á unglingsaldri sem píanóleikari í sjómannaknæpum í fæðingarborg sinni Hamborg. Hann var fjölhæfur tónlistarmaður, lærði ungur að leika á fiölu og selló hjá föður sínum sem var bassaleikari. Brahms var með afbrigðum vandvirkur við tónsmíðar sínar, næstum til vandræða, því erfitt er fyrir síðari tíma fræðimenn að átta sig á vinnuaðferðum hans og þroskasögu. Vitað er að hann vann að sumum verkum svo árum skipti og hélt áfram að breyta þeim og umskrifa í 10-20 ár. Lengi framan af tónskáldaferli sínum skrifaði hann mest fyrir píanó. Hann var orðinn rúmlega fertugur þegar hann skrifaði fyrstu sínfóníu sína. Eftir það rak hvert stóra sínfóníska verkði annað, og allar fjórar sínfóníur hans urðu til á 9 ára tímabili. Hann samdi tvo forleiki sem báðir heyrast oft á tónleikum hljómsveita. Þeir eru býsna ólíkir að gerð. Annar er hressilegur og bjartur, Akademische Ouvertüre, og oft fluttur við athafnir í háskólum heimsins. Hinn er alvarlegur og þungur, Tragische Ouvertüre.




Georg Philipp Telemann (1681-1767) er meðal afkastamestu tónsmiða allra tíma. Talið er að hann hafi samið um þrjú þúsund tónverk og mun um helmingur þeirra hafa varðveist. Verkin eru mjög margvísleg. Meðal þeirra eru óperur, óratoríur, kantötur, margvísleg kammarmúsík, og einleikskonserter fyrir ýmis hljóðfæri. Telemann var mjög vel þekktur í tónlistarheimi síns tíma, var vinur bæði Bachs og Händels, og hafði mikil áhrif á önnur tónskáld. Hann var einnig brautryðjandi í réttindamálum tónskálda, var duglegur við að gefa verk sín út á prenti og verja útgáfuréttinn. Eins og fleiri tónskáld barokktímans féll hann í skugga tónskálda sem á eftir komu og gleymdist um tíma. Verk hans voru flutt allt fram til 1832 en eftir það er tæpast minnst á Telemann fyrr en talsvert var liðið á tuttugustu öldina. Þá tóku verk hans að heyrast á ný á tónleikum og hann er nú viðurkenndur sem einn af höfuðmeisturum barokktímabilsins.



David Coleman lauk einleikaraprófi frá Indiana University School of Music og stundaði nám hjá Allan Dean (Yale), Charles Gorham (Indiana University), Wayne Markworth, og Louis Davidson (Indiana University, Cleveland Orchestra), David er eftirsóttur einleikari og kennari. Hann býr í Greene County í Ohio í Bandaríkjunum en ferðast víða til tónleikahalds og kennslu, hefur leikið á meira en 1000 tónleikum á síðustu 30 árum. Hann var stofnandi kammerhópsins Top Brass sem ferðast hefur víða til tónleikahalds og getið sér gott orð undir hans stjórn. Mörg tónskáld hafa samið verk fyrir hann og hóp hans. David leggur sérstaka áherslu á að flytja nýja tónlist og ferðast víða um heim í því skyni. Það er Sínfóníuhljómsveit áhugamanna sérstakur heiður að fá hann til samstarfs og að frumflytja með honum verk Olivers Kentish.



Oliver Kentish hefur verið tengdur Sínfóníuhljómsveit áhugamanna allt frá stofnun hennar, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hann hefur verið aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar síðan 2005. Hann fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sínfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívísleg verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Sínfóníuhljómsveit áhugamanna hefur notið þeirra forréttinda að frumflytja nokkur verka hans. Frumflutningur á Night Music í dag er að frumkvæði Davids Coleman sem kemur til landsins sérstaklega í því skyni.



Edvard Grieg (1843-1907) fæddist og ólst upp í Bergen í Noregi en fór ungur til tónlistarnáms í Leipzig í Þýskalandi, einkum í píanóleik. Hann varð fljótt þekktur sem píanóleikari og tónskáld. Þrátt fyrir viðvarandi heilsuleysi ferðaðist Grieg víða og átti samskipti við mörg helstu tónskáld sinnar tíðar í Evrópu. Hann byggði tónsköpun sína mjög á þjóðlagahéð Noregs og átti vafalaust stóran þátt í því að skapa sjálfsmynd norskrar þjóðar, líkt og önnur samtíma tónskáld í Evrópu gerðu í sínum heimalöndum, svo sem Dvorak í Tékklandi og Sibelius í Finnlandi. Þekktasta tónverk Griegs er vafalaust píanókonseertinn í a-moll sem allir píanóleikarar með sjálfsvirðingu hafa á takteinum. En fast á eftir kemur vafalítið tónlistin sem hann samdi fyrir leikrit Ibsens um Pétur Gaut að ósk skáldsins. Lögin fjögur í Svítu nr. 1 kannast allir við. Þau fylgdu atriðum í öðrum, þriðja og fjórða þætti leikrítins. Að rekja söguþráðinn í Pétri Gaut reynist hins vegar algjörlega ofviða þeim sem hér skrifar.